

**3485. fundur bæjarráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,  
13. janúar 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ólafur Adolfsson varamaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi og í lok fundar samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fyrir tekið:**

**1. 2102135 - Fundargerðir 2021 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands ýmsar tilkynningar og samskipti vegna breytinga**

171. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 13. desember 2021.  
170. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 11. október 2021.  
169. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 6. október 2021.  
168. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 25. ágúst 2021

*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*

**2. 2112183 - Samkomulag vegna hlutastarfandi slökkviliðsmanna á Akranesi**

Slökkviliðsmenn hjá Akraneskaupstað eiga nú aðild að kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Útfæra þarf samkomulög vegna útkalla og útkallstíma og vegna símanotkunar og símtækja og fyrir liggja samningsdrög sem unnið hefur verið í samstarfi Akraneskaupstaðar og Landssambandsins.

*Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.*

*Bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins og eiga samtal við sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar um afstöðu Hvalfjarðarsveitar til samningsdraganna.*

*Samþykkt 3:0*

**3. 2101256 - Fab Lab smiðja á Akranesi**

Skipan í stjórn en Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, sem var fulltrúi Akraneskaupstaðar í stjórn Fab Lab smiðjunnar, hefur látið af störfum hjá Akraneskaupstað.

*Bæjarráð samþykkir að Steinar Adolfsson verði fulltrúi Akraneskaupstaðar í stjórn Fab Lab smiðjunnar.*

*Bæjarráð þakkar Sædísí Alexíu fyrir hennar störf í verkefninu.*

*Samþykkt 3:0*

**4. 2201073 - Bankaviðskipti - útboð**

Fyrirhugað er útboð vegna bankaviðskipta Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð samþykkir að farið verði í útboð bankaviðskipta og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og að koma með fullbúin útboðsgögn á næsta fund ráðsins sem verður þann 27. janúar næstkomandi.*

*Samþykkt 3:0*

**5. 2102302 - Fjárhagsáætlun 2021 - viðaukar**

Viðauki nr. 37 við fjárhagsáætlun ársins 2021.

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 37 við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2021, samtals að fjárhæð kr. 19.600.000. Viðaukinn felur í sér tilfærslu á milli deilda innan áætlunar samkvæmt meðfylgjandi skjali og hefur ekki áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu Akraneskaupstaðar.*

*Bæjarráð vísar viðaukanum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

*Samþykkt 3:0*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:20.**